

ÉG, GUNA MEZULE, BÝÐ MIG FRAM Í STJÓRN FKA. ÉG ER 33 ÁRA OG KEM FRÁ LETTLANDI EN FLUTTI TIL ÍSLANDS ÁRIÐ 2020. SÍÐAN ÞÁ HEF ÉG LAGT MIG FRAM UM AÐ KYNNAST ÍSLENSKU SAMFÉLAGI OG NOTIÐ TÍMANS HÉR TIL HINS ÍTRASTA. ÉG ER MEÐ BA Í VIÐSKIPTAFRÆÐI OG ER VISS UM AÐ SÚ ÞEKING, MENNTUN OG REYNSLA SEM ÉG HEF AFLAÐ MÉR MUN NÝTAST Í ÞESSU HLUTVERKI, ENDA TEL ÉG MIG HAFA ÞANN DRIFKRAFT SEM ÞARF TIL AÐ KNÝJA FRAM HAGRÆÐINGU OG ÁRANGUR.

UM ÁRABIL STARFAÐI ÉG HJÁ TEYA SEM REKSTRARSTJÓRI. ÞAR GEGNDI ÉG MIKILVÆGU HLUTVERKI Á TÍMUM MIKILLA BREYTINGA HJÁ FYRIRTÆKINU. ÉG VANN ÞVERT Á DEILDIR OG HJÁLPAÐI TIL VIÐ AÐ TENGJA FÓLK SAMAN OG SJÁ TIL AÐ ÞESS AÐ ALLIR VÆRU AÐ RÓA Í SÖMU ÁTT.

AUK ÞESS STARFAÐI ÉG HJÁ AVIS BUDGET GROUP Á ÁRUNUM 2014–2020. ÞAR FÓLST HLUTVERK MITT FYRST OG FREMST Í AÐ AUKA SKILVIRKNI Í REKSTRÍ. ÉG VAR LEIÐBEINANDI TUTTUGU ALÞJÓÐLEGRA SÖLUSTJÓRA OG TÓKST OKKUR AÐ AUKA TEKJUR VERULEGA EN EKKI SÍST AÐ SKAPA ALÞJÓÐLEGA SAMSTÖÐU.

ÉG ER VISS UM AÐ ÉG GET LAGT MIKIÐ AF MÖRKUM Í STJÓRN FKA OG VEITT EINSTAKT SJÓNARHORN MEÐ ÞEKINGU MINNI OG REYNSLU. SÚ ÁHERSLA SAMTAKANNA AÐ GÆTA JAFNVÆGIS OG FJÖLBREYTTILEIKA INNAN ATVINNULÍFSINS RÍMAR VEL VIÐ MÍNAR HUGMYNDR.

ÞÁTTAKA MÍN Í STARFI FKA HEFUR STÆKKIÐ TENGLANETIÐ TÖLUVERT OG STYRKT LÖNGUN MÍNA TIL AÐ DEILA REYNSLU MINNI MEÐ ÖÐRUM OG HLÚA ÞANNIG AÐ STERKU SAMFÉLAGI. STEFNUMÓTUN OG VIÐSKIPTAÞRÖUN ERU MÉR HUGLEIKIN EN ÉG ER LÍKA SKAPANDI REKSTRARFRÆÐINGUR MEÐ BRENNANDI ÁHUGA Á AÐ KOMA VERKEFNUM FKA Í FRAMKVÆMD. ÉG BIÐ SPENNT EFTIR TÆKIFÆRINU TIL AÐ STUÐLA AÐ SAMEIGINLEGUM ÁRANGRI OKKAR.

